

Föstudaginn 27. janúar 1967.

Nr. 194/1965. **Ásbjörn Ólafsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)
 gegn
Kr. Kristjánssyni h/f (Gunnar J. Möller hrl.)
 og
Þrotabúi Kára B. Helgasonar (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frestun dómsuppsögu í Hæstarétti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti hefur framkvæmt hið áfrýjaða fjárnám.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1965 og krafist þess, að fjárnám það, sem gert var hinn 15. nóvember 1965 í fógetaréttarmálinu A-2004/1965: Kr. Kristjánsson h/f gegn Kára B. Helgasyni, verði úr gildi fellt og stefnda Kr. Kristjánssyni h/f verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Kr. Kristjánsson h/f krefst þess, að nefnt fjárnám verði dæmt gilt og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Kára B. Helgasyni var stefnt fyrir Hæstarétt í máli þessu. Af hans hendi hefur eigi verið mætt fyrir Hæstarétti í málinu. Hann var úrskurðaður gjaldþrota í skiptarétti Reykjavíkur hinn 26. janúar 1965. Af hendi þrotabús hans hefur ekki heldur verið svarað fyrir Hæstarétti.

Fyrir liggur í máli þessu yfirlýsing, útgefin af Kára B. Helgasyni 17. febrúar 1965 og árituð af biskupsritara, Ingólfi Ástmarssyni, hinn 18. ágúst 1965, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Kári B. Helgason kaupmaður, Hverfisgötu 43, Reykjavík, viðurkenni hér með að hafa í dag fengið að láni hjá herra stórkaupmanni Ásbirni Ólafssyni, Reykjavík, kr. 1.000.000.00 — eina milljón —, og hef ég samþykkt þrjá víxla fyrir láninu, eins og hér segir: Vixil, að fjárhæð kr. 250.000.00, með gjalddaga 10. maí 1965, víxil, að fjárhæð kr. 500.000.00, með gjalddaga 10. ágúst 1965, og loks víxil, að

fjárhæð kr. 250.000.00, með gjalddaga 10. nóvember 1965.

Fari svo, að ég greiði framangreinda víxla ekki á réttum gjalddögum, þá lýsi ég því hér með yfir, að Gústafi Ólafssyni hrl., Reykjavík, veitist fullt og ótakmarkað umboð til þess að veita móttöku greiðslum þeim, sem ég á að fá inntar af hendi af herra biskupi Íslands og Kirkjuráði f. h. Þjóðkirkjunnar og sem fram eiga að fara 15. maí 1965, 15. ágúst 1965 og 15. nóvember 1965, og er hver greiðsla að fjárhæð kr. 500.000.00, sbr. kaupsamning um bókasafn mitt, dags. 13. febrúar 1965, og hefur nefndur Gústaf fullt umboð mitt til þess að kvitta fyrir móttöku greiðslanna fyrir mína hönd, enda er mér sjálfum óheimilt að veita þeim móttöku, fyrr en framangreindir víxlar eru að fullu greiddir. Þó er mér heimilt að veita maígreiðslunni móttöku, þegar ég hef greitt víxilinn með gjalddaga 10. maí 1965 o. s. frv.

Kaupsamningurinn um sölu á bókasafni mínu frá 13. febrúar 1965 skal vera í vörzlu Gústafs Ólafssonar, þar til framangreint lán Ásbjörns Ólafssonar til mín er að fullu greitt.

Framangreindu til staðfestu er eiginhandar nafn mitt hér undirritað.

Kári B. Helgason.“

„Yfirlýsing þessi hefur verið sýnd á biskupsskrifstofunni, og greiðslur pr. 10. maí 1965 og 10. ágúst 1965 hafa verið greiddar.

Reykjavík, 18. ág. 1965

BISKUPSSTOFA

Ásbjörn Ólafsson Ingólfur Ástmarsson“.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að Kári B. Helgason hafi sjálfur greitt víxil þann, sem féll í gjalddaga 10. maí 1965. Hinn 18. ágúst 1965 hafi biskupsritari greitt á skrifstofu biskups, að þeim áfrýjanda og Kára B. Helgasyni viðstöddum, víxil þann, sem féll í gjalddaga 10. ágúst 1965, að fjárhæð kr. 500.000.00. Hafi þá jafnframt samizt svo með þeim áfrýjanda og Kára B. Helgasyni, að biskupsritari greiddi áfrýjanda hinn 15. nóvember 1965 kr. 250.000.00 af fjárhæð þeirri, sem þá skyldi inna af hendi fyrir bókasafnið. Áritaði

biskupsritari þá yfirlýsingu Kára B. Helgasonar frá 17. febrúar 1965.

Borgarfégeti framkvæmdi hinn 15. nóvember 1965 framhaldsfjárnám í nefndum kr. 250.000.00 til tryggingar dómi, uppkveðinn 22. október 1965 í máli, höfðuðu 15. október 1965, en með dómi þessum var Almennu bifreiðaleigunni h/f og Kára B. Helgasyni dæmt að greiða stefnda Kr. Kristjánssyni h/f óskipt kr. 1.254.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. ágúst 1965 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað. Fjárnám framkvæmdi fégeti og fyrir kostnaði af birtingu dóms og af fjárnámi. Samkvæmt gögnum málsins hefur hið fjárnumda fé verið lagt inn í bók við Landsbanka Íslands, eignaða borgarfégetaembættinu í Reykjavík.

Með áritun biskupsritara hinn 18. ágúst 1965 á yfirlýsingu Kára B. Helgasonar frá 17. febrúar 1965 skyldi tryggja greiðslu á kr. 250.000.00 skuld Kára við áfrýjanda, sem greiðast skyldi hinn 10. nóvember 1965, með óafturkallanlegri ávísun Kára B. Helgasonar til handa áfrýjanda á jafnháa kröfu Kára á biskupsembættið, þá er gjaldkræf varð 15. nóvember 1965. Þessi skuldaskipti þykir samkvæmt þeim gögnum, sem nú liggja fyrir, verða að meta svo, að með þeim hafi skapast veð, handveðsréttar eðlis, til handa áfrýjanda í nefndri gjaldkröfu á hendur biskupsembættinu. Hefði þetta handveðsigildi gengið fyrir hinu áfrýjaða fjárnámi frá 15. nóvember 1965, ef gjaldþrot Kára hefði eigi orðið. En nú varð Kári B. Helgason gjaldþrota, áður en liðnir voru sex mánuðir frá stofnun handveðsigildisins. Er enn eftir gögnum málsins óráðið, hvernig fer um handveðsigildið við gjaldþrotaskiptin, sbr. 20. og 30. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti. Þá bera og skjöl málsins með sér, að dómur sá, sem fjárnámið 15. nóvember 1965 er á reist, var kveðinn upp í máli, er höfðað var hinn 15. október 1965. Frá málshöfðun þessari og fram til gjaldþrotaskiptanna eru ekki heldur sex mánuðir. Ríkir því einnig óvissa um örlög fjárnámsins við gjaldþrotaskiptin, sbr. 22. gr. og 30. gr. laga nr. 25/1929. Að svo vöxnu máli þykir eigi rétt að kveða á um það að svo stöddu, að hinn handveðslegi réttur, sem

sætir prófun við gjaldþrotaskiptameðferðina, skuli ganga fyrir fjárnáminu. Að þessu athuguðu her samkvæmt meginreglunni í 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta uppsögu dóms í máli þessu, unz vissa liggur fyrir um afdrif handveðsigildisins frá 18. ágúst 1965 og örlög fjárnámsins frá 15. nóvember 1965 við gjaldþrotaskiptin á búi Kára B. Helgasonar.

Ályktarorð:

Uppsögu dóms í máli þessu skal fresta samkvæmt því, er að framan segir.

Fjárnámssgerð fógetadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1965.

Fyrir var tekið: Málið A-2004/1965:

Kr. Kristjánsson h/f gegn Kára B. Helgasyni.

Mættur er í réttinum Jón Arason héraðsdómslögmaður. Hann krefst þess nú, að fjárnám verði gert í allri útborgun þeirri, sem Kári B. Helgason skyldi nú í dag fá greidda, eða kr. 500.000.00, en s.l. fimmtudag var aðeins gert fjárnám í kr. 250.000.00.

Séra Ingólfur Ástmarsson er mættur og ítrekar það, sem hann sagði, er málið var tekið fyrir hér s.l. fimmtudag, um kr. 250.000.00 ávísun af þessari greiðslu til Ásbjörns Ólafssonar. Jón Arason mótmælir, að ávísun þessi gangi fyrir rétti fjárnámsbeiðanda.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í 500 þúsund króna greiðslu þeirri, sem Kári B. Helgason skyldi í dag fá útborgaða á skrifstofu biskups og skýrði þýðingu þess fyrir séra Ingólfi Ástmarssyni.